

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að einstefna verði á Veltusundi milli Austurstrætis og Hafnarstrætis.
2. að biðskylda verði á Veltisundi gagnvart Hafnarstræti.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. febrúar 1994.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Ólafsvíkurbæjar, Staðarsveitar, Breiðuvíkurbrepps og Neshrepps utan Ennis í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 4. febrúar 1994 staðfest sameiningu Ólafsvíkurbæjar, Staðarsveitar, Breiðuvíkurbrepps og Neshrepps utan Ennis í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosning skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 11. júní 1994.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytið, 4. febrúar 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.